

Ósk um samstarf **Sveitarfélagsins Árborgar við N4 Sjónvarp** um þátttöku í þáttaröðinni **"Að sunnan"** sem ætlunin er að verði teknir upp og sýndir á tímabilinu frá janúar 2015- júlí 2015 alls 24 þættir, hálf tíma langir þar sem efni frá ólíkum sveitarfélögum er gerð skil í sama þættinum, svipað og gert er í þættinum "Að norðan". Takmarkið er að fá öll 15 sveitarfélögin á Suðurlandi til þátttöku þannig að markmiði verkefnisins verði enn frekar náð en það er m.a. að:

- Stuðla að aukinni og jákvæðri umfjöllun um atvinnulíf og mannlíf á svæðinu
- Kynna fjölbreytt tækifæri og áhugaverða nýsköpun á Suðurlandi
- Kynna svæðið sem aðlaðandi kost til búsetu og uppbyggingar í atvinnustarfsemi
- Styðja við aukin umsvif hjá þeim sem bjóða vöru og þjónustu á svæðinu
- Stuðla að jákvæðri ímyndarsköpun og sjálfsmynd íbúa gagnvart Suðurlandi
- Stuðla að jafnvægi í umfjöllun um bæði kyn og ólíka aldurshópa á svæðinu

**Sveitarfélagið Árborg**, greiðir **N4** ehf. kt.660500-3750 sem styrk fyrir þessa umfjöllun, ferðakostnað og fleira kr. 500.000.-, kr. 250.000 við undirritun samningsins, 250.000 1. apríl 2015. Sveitarfélagið er verktökum á vegum **N4** er annast þáttagerðina, innan handar með upplýsingaöflun og tillögur að efni og tilnefnir 2-3 bakhjarla til þess.

Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi, **SASS**, hefur lýst yfir velvilja við verkefnið og vill gera samkomulag við N4 um að leggja verktökum þeirra er munu vinna þættina á svæðinu, aðstöðu í Frumkvöðlasetrinu. Við lok samningsins mun SASS vinna skýrslu, árangursmat um framkvæmd og árangur verkefnisins.

Gera má ráð fyrir að vikulegur þáttur sem dekkja myndi allt svæðið, kosti á ársgrundvelli á bilinu 15-17 milljónir. Fjöldi sveitarfélaganna og miklar vegalengdir skipta þar miklu en þó verður þetta að teljast afar lágur kostnaður sé miðað við þáttagerð almennt hér á landi.

Búið er að hafa samband við öll sveitarfélögin 15 og bjóða þeim jafna aðkomu að verkefninu og nú þegar hafa fjögur þeirra, hrepparnir í Uppsveitum Árnessýslu, ákveðið að taka af skarið og leggja til fjármagn er samsvarar að lágmarki um 500.000.- á hvert þeirra og tryggja þannig umfjöllun um Uppsveitirnar í þáttunum.

Þá er ekkert því til fyrirstöðu að einstaka sveitarfélög geti gert viðbótarsamning um enn frekari umfjöllun.

Það er því til mikils að vinna að gefa svör sem fyrst hverjir vilja og treysta sér til að vera með frá áramótum.

## **Framtíðarsýn**

Ætlunin er að sækja í Vaxtasamning Suðurlands strax á nýju ári og samhliða því að kanna áhuga fyrirtækja, stofnana og félaga á svæðinu að koma að fjármögnun þáttanna, enda ekki nema hluti kostnaðar dekkjaður með þessu móti. Einnig verður leitað í aðra sjóði t.d. menningarsjóði enda hér um menningarverðmæti að ræða.

Ef tekst að fá meira fjármagn þýðir það bara eitt, að þátturinn "**Að sunnan**" fær lengra líf og hægt að framlengja samninginn eftir 6 mánuði.

## **Um N4**

N4 Sjónvarp leggur áherslu á dagskrárgerð fremur en beinskeittar fréttir. Við teljum að með því að fjalla heiðarlega um samfélagið, þá bætum við ímynd og sjálfsímynd svæðanna sem fjallað er um. Við teljum mikilvægt að gera skemmtilegt og fróðlegt sjónvarpsefni, þar sem áhersla er lögð á að segja frá samfélaginu eins og það er, með sínum kostum og göllum. Aðalháherslan verður þó fyrst og síðast að gera efni sem fólk hefur áhuga á að horfa á.

N4 leitast við að vera fræðandi, skemmtilegt og notarlegt sjónvarp. Viðbrögðin við þessari nálgun hafa verið afar jákvæð, það sýna bæði áhorfstölur og samtöl við fólk allsstaðar af landinu.

N4 vill vera leiðandi í sjónvarpi frá landsbyggðinni og er að byggja upp tengingu við landshlutana, hvern og einn, til þess að svo geti orðið.

Þátturinn **Að norðan** (<http://www.n4.is/is/taettir/adnordan>) hefur frá upphafi verið n.k. hryggjarstykki og sýndur að jafnaði 4 daga í viku, sýnir vel mannlíf á öllu Norðurlandi og hafa sveitarfélögin á svæðinu komið að fjármögnun þeirra þátta með afar jákvæðum og myndarlegum hætti, t.d. í gegnum Sóknaráætlun landshlutans.

Sama er að segja um **Glettur að austan**, (<http://www.n4.is/is/taettir/glettur>) vikulegan þátt sem Gísli Sigurgeirsson stýrir og sýndur er á N4 á þriðjudögum.

Þá má einnig nefna **Föstudagsþáttinn** (<http://www.n4.is/is/taettir/fostudagsthaturinn>) sem nýtur mikilla vinsælda undir styrkri stjórn Hildu Jönu Gísladóttur og Kristjáns Kristjánssonar.

## **Áhorf**

Áhorf á N4 hefur aukist mjög síðustu ár og samkvæmt könnun Capacent Gallup horfir um helmingur þjóðarinnar á stöðina í viku hverri og hver áhorfandi horfir ríflega þrisvar sinnum í viku. Áhorf á Norðurlandi er allt upp í 80% eins og fyrr greinir. N4 gerði nokkra þætti um Suðurland fyrir um 4 árum og mældist áhorf á Suðurlandi mjög gott og hélst gott eftir að umfjöllun um svæðið hætti.

## **Aðgengi.**

Nú þegar geta allir Íslendingar og þessvegna allur heimurinn horft á N4 á Netinu, [www.n4.is](http://www.n4.is) eða í gegnum OZ appið, í sjónvarpinu, tölvu, I-pad eða síma. Yfir 90% geta náð stöðinni í

sjónvarpinu sínu án þess að taka það í gegnum Netið. N4 mun halda áfram við að finna leiðir til þess að ná til sem flestra landsmanna.

### Árangur

Eftir góðan árangur á Akureyri og Eyjafirði, þar sem áhorf á N4 mælist yfir 80% og afar góðar viðtökur og aukið áhorf á Norðurlandi vestra og Austurlandi, langar okkur að fá að starfa með sveitarfélögunum á Suðurlandi og teljum að góður árangur gæti náðst með umfjöllun í föstum hálf tíma þætti, "**Að sunnan**", einu sinni í viku. Miðað við reynslu okkar má gera ráð fyrir að slík umfjöllun styrki ímynd Suðurlands, auki upplýsingamiðlun innan svæðis og utan og sýni landsmönnum að Suðurland sé góður kostur til heimsóknna, búsetu og atvinnuuppbyggingar.

Þessu til stuðnings vísam við í könnun sem SSNV lét gera og mældi árangur af samstarfi SSNV og N4 sem snéri að kynningu á svæðinu í 90 innslögum og birtust í þættinum Að norðan frá hausti 2013 til vors '14. Fram kemur í niðurstöðum að umfjöllun um svæðið hafi aukist verulega enda náð til nærri helmingis þjóðarinnar. Viðmælendur í könnuninni, sem voru allir þeir sem fjallað var um og rætt við í innslögunum, töldu að umfjöllunin væri vel til þess fallin að styðja við jákvæða ímynd svæðisins og töldu hana mikilvæga. Þeir viðmælendur sem stóðu fyrir sölu vöru og þjónustu töldu að umfjöllunin hefði haft bein áhrif til aukningar eftirspurnar og yfirgnæfandi meirihluti allra viðmælenda töldu að umfjöllunin hefði aukið vitneskju um vörur, þjónustu, viðburði og samfélag á Norðurlandi vestra.

Sjá: <http://www.ssnv.is/Portals/62/Skjol/N4-%C3%A1rangursmat.pdf>

Akureyri 28.11.2014

F.h. **N4 ehf.**

*María Björk Ingvadóttir*

Dagskrágerð N4

4124406 / 6604680